

Vitnið Snæbjörn Kristjánsson gaf skýrslu hjá lögreglu þann 31. júlí sl. og kvaðst kvöldið áður hafa hitt kærða við hvalstöðina á Brjánslæk og rætt þar við hann. Kvaðst það hafa fundið nokkuð sterkan áfengisþef leggja frá vitum kærða, en ekki veitt útlimi hana eftirtekt að öðru leyti.

Vitnið Sigurlaug Sigurðardóttir kvaðst hafa hitt kærða, þegar hann losaði vörur hjá útibúi KVB á Krossholti að kvöldi þann 30. júlí sl. Vitnið kvaðst einu sinni hafa fundið áfengislykt leggja frá kærða, en kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hvort hún stafaði frá vitum hans eða öðru. Önnur ölvunarmerki sá vitnið ekki, og kærði kom því ekki fyrir sjónir sem ölvaður.

Svo sem nú hefur verið rakið, þá verður að telja allnokkrar líkur fram komnar fyrir því, að kærði hafi að kvöldi þann 30. júlí sl. gerst sekur um áfengis- og umferðarlagabrot við akstur bifreiðarinnar B 677. Þykja því ekki vera efni til að fella niður bráðabirgðaökuleyfisviptinguna frá 1. ágúst sl.

Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumanns Barðastrandarsýslu um, að Ásgeir Einarsson skuli sviptur ökuleyfi til bráðabirgða frá og með 1. ágúst 1981 að telja.

Miðvikudaginn 16. september 1981.

Nr. 188/1981. **Ákærvaldið**
 gegn
Birgi Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. september 1981, sem barst Hæstarétti 14. s. m.

Krefst hann þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. september 1981.

Ár 1981, föstudaginn 11. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Birgi Kristjánssyni húsaviðgerðamanni, til heimilis að Teigaseli 7 hér í borg, fæddum 22. október 1944, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 18. nóvember nk., kl. 1700, með skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974.

Í fyrradag kom á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins Þorvaldur Guðmundsson, Laugarbökkum, Ölfusi, og kærði Birgi Kristjánsson fyrir ætluð fjársvik. Kvað kærandi kærða hafa boðið sér 70.000 krónur í víxlum í bifreiðina X 1678, sem er Fiat 132. Að sögn kæranda hafi kærði tjáð honum, að allir aðiljar á víxlunum væru eignamenn, hann sjálfur væri að byggja stórhýsi og væri með marga menn í vinnu, og loks hefði kærði boðist til að aka um og sýna kæranda eignir sínar og þeirra manna, sem á víxlunum voru. Kæranda fannst kærði vera trúverðugur og taldi því ekki þörf á að skoða þessar eignir.

Skýrslur hafa verið teknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins af öllum þeim aðiljum, sem ritað hafa sem útgefendur og ábekingar á víxlana, sem eru níu talsins, og hafa þeir allir sem einn kannast við að hafa ritað nöfn sín sem ábyrgðarmenn á víxlana, þrátt fyrir að þeim hafi verið ljóst, að þeir mundu ekki geta greitt þá, ef þeir greiddust ekki. Hafi þeir ýmist gert þetta í greiðaskyni við kærða eða fyrir áeggjan útgefenda á nokkrum víxlanna, Sighvats Andréssonar auk kærða sjálfs, sem fullyrtu, að víxlarnir yrðu greiddir. Að sögn tveggja ábyrgðarmanna reyndu

þeir að fá kærða til að skila víxlunum, en hann hafi ýmist sagt, að hann væri búinn að láta víxlana í bílaviðskipti eða væri búinn að rífa þá.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og hér fyrir dómi neitað því að hafa haft í frammi svik vegna ofangreindra bifreiðakaupa. Kvaðst kærði ætla að greiða víxlana og kvaðst vera reiðubúinn að útbúa tryggingarbréf vegna þeirra. Jafnframt hefur kærði lýst því yfir, að hann sé reiðubúinn að láta kaupin ganga til baka. Skýrsla kærða er í veigamiklum atriðum í ósamræmi við framburði annarra aðilja. Kærði taldi sig eiga möguleika á að greiða víxlana, hann ætti eftir að fá greiðslur fyrir ýmsar húsaviðgerðir, sem hann hefur nú með höndum. Taldi kærði sig eiga eftir að fá kr. 36.000 fyrir verk að Baldursgötu 22 og um kr. 10.000 fyrir verk að Drápuhlíð 19. Eftir þinghaldið í gær kannaði rannsóknarlögregla ríkisins ofangreinda verkamninga. Kom þá í ljós, að kærði hefur fengið greiddar kr. 7.000 vegna vinnu við Drápuhlíð 19, en ekki lá ljóst fyrir, hverjar eftirstöðvarnar væru. Einnig hefur kærði tekið að sér viðgerðir að Fljótaseli 35 og fengið greiddar kr. 7.000 upp í verkið, en að sögn húseiganda hafi kærði innt af hendi vinnu fyrir 2—3.000 krónur. Haft hefur verið samband við fyrirsvarsmann húseignarinnar að Baldursgötu 22, Sigfús E. Arnþórsson. Taldi Sigfús verkið að mestu klárað, en greiðsla sú, sem samið hafði verið um við kærða, kr. 36.000, hafi átt að vera fyrir fagmannsvinnu, en að sögn Sigfúsar væri verkið þannig unnið, að miklar skemmdir hafi verið unnar á dýru efni, sem húseigendur höfðu lagt til. Þyrfti að vinna verkið upp að hluta og kaupa til þess nýtt efni. Kvaðst Sigfús hafa látið fagmenn skoða verkið og þeir ráðlagt honum að bjóða kærða kr. 5.000 fyrir vinnuna, en aldrei kæmi til greina að greiða kærða kr. 36.000 fyrir verkið.

Til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins eru nú samtals 13 mál, þar af 3 mál frá árunum 1979 og 1980, en ákæru í þeim málum var vísað frá dómi þann 3. júní 1980. Hjá rannsóknarlögreglu ríkisins eru því til meðferðar 10 kærur á hendur kærða, sem upp hafa komið á þessu ári, fyrir ætluð fjársvik og skjalfals, aðallega vegna verkamninga og bifreiðaviðskipta. Er rannsókn lokið í 5 málum, en rannsókn í hinum 5 er ólokið, og er stefnt að því að senda í einu lagi til ríkissaksóknara öll mál, sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur til meðferðar á hendur kærða.

Síðastliðin 5 ár hefur kærði verið dæmdur í samtals 22 mánaða fangelsi, og á árunum 1966—1975 hefur kærði verið dæmdur í samtals 58 mánaða fangelsi. Hefur kærði því á ferli sínum 9 sinnum verið dæmdur í óskilorðsbundna refsivist (fangelsi) í samtals 80 mánuði fyrir skjálafals og auðgunarbrot auk nokkurra annarra brota. Þá hefur kærði verið dæmdur í varðhald, hlotið skilorðsbundna fangelsisdóma og gengist undir sektargreiðslur.

Engum málum er ólokið á hendur kærða hjá sakadómi Reykjavíkur.

Kærði hefur áfrýjað til Hæstaréttar Íslands dómum sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 22. desember 1980 og 26. júní 1981, 4 mánaða og 12 mánaða fangelsi, óskilorðsbundið.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aflað upplýsinga um víxildóma, sem gengið hafa á hendur kærða, og eru þeir samtals 12 talsins, sá fyrsti frá 30. ágúst 1978 og hinn síðasti þann 18. febrúar 1981.

Þá hefur tvívegis verið gert árangurslaust fjárnám hjá kærða, eða þann 4. september 1980 og 19. febrúar 1981.

Þann 10. ágúst sl. gerði rannsóknarlögregla ríkisins kröfu fyrir dóminum um, að kærða yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna ætlaðra brota hans á 155. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga með skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974. Með úrskurði, uppkveðnum þann 11. ágúst sl., var þeirri kröfu synjað, þar sem ekki þótti alveg næg ástæða til að taka kröfuna til greina.

Með hliðsjón af sakarferli kærða og framangreindum gögnum þykja leiddar að því verulegar líkur, að kærði hafi ekki ætlað né getað fremur en margsinnis áður efnt fjárskuldbindingar þær, sem hann tókst á hendur með samþykki víxla vegna kaupa hans á bifreiðinni X 1678. Jafnframt má ætla, að kærði hafi stefnt í hættu fjárhag fólks, er hann fékk til að rita á víxlana sem ábyrgðarmenn. Er kærði því undir rökstuddum grun um brot gegn 248. gr. eða 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Er því augljóst, að veruleg hættu er á því, að kærði haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan málum hans er ekki lokið, enda hefur kærði þegar sýnt það þrátt fyrir sífelldar kærur og lögreglurannsókn af þeim ástæðum.

Verður því með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ekki hjá því komist að taka

til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 18. nóvember 1981, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Birgir Kristjánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. nóvember 1981, kl. 1700.

Miðvikudaginn 16. september 1981.

Nr. 183/1981. **Guðni Þórðarson**

gegn

**Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík,
vegna sjálfs sín og þrotabús Staðals h/f.**

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skiptalok.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 20. júlí 1981, sem barst Hæstarétti 26. ágúst. Krefst hann þess, að skipti í þrotabúi Staðals h/f verði endurupptekin.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Með bréfi Gjaldheimtunnar í Reykjavík 20. janúar 1978 var þess krafist, að bú Staðals h/f yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en félagið var sagt skulda opinber gjöld að fjárhæð 10.819 krónur. Beiðninni fylgdi endurrit lögtaksgerðar, en að ósk gjaldheimtunnar hafði verið freistað lögtaks í eign-